

# Fermingarblað VÍFILS

1. Tölublað **20.** árgangur 1998



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 1998


Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 10. sinn



# hnýtum lausa enda

EINFALT TOPPSTAG



Hómer



## GLEÐILEGT SUMAR



BÚNAÐARBANKINN

Traustur banki

Garðabæ

# Kæru Garðbæingar

## Fermingarblað í tuttugasta skipti

Fermingarblað Vífils er nú sent til allra Garðbæinga í tuttugasta skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalínskirkju.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun og er hugsanlegt að breytingar hafi orðið frá þeim tíma.

Með blaðinu viljum við kynna sérstaklega skátaskeytasölu félagsins, sem verður þá daga, sem fermt er í Garða- og Vídalínskirkju.

### Bestu þakkir til auglýsenda

Frá félaginu viljum við senda sérstakar þakkir til þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sumir þessara aðila hafa styrkt okkur

í öll 20 árin og skortir okkur skáta orð til að þakka þeim fyrir aðstoðina.

### Hvern viltu styrkja ?

Við hvetjum bæjarbúa til að senda vinum, nágrönnum og ættingjum skátaskeyti og styrkja þannig öflugt æskulýðsstarf í bæjarfélaginu.

Einnig bendum við á að skeyti til foreldra fermingar barnsins verða sýfellt vinsælli.

Það er engin spurning að við þurfum á styrk þínum að halda og þú styrkir okkur verulega með því að treysta okkur fyrir skátaskeytunum þínum. Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjulegt og gott samstarf við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

### Aðrar fréttir frá Vífli

Af öðrum liðum í vetrarstarfi félagsins má nefna að nýlega var félagsútilega



og fóru um sjöttú skátar í skálana við Úlfjótssvatn.

Í sumar verða svo hin geysivinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldin í tíunda skiptið.

### Sumardagurinn fyrsti

Að sjálfsögðu vonumst við til að sjá ykkur sem flest þann 23. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

### Gamlir skátar úr Vífli hittast!

Nú ætla allir eldri skátar úr félaginu að hittast föstudagskvöldið eftir sumardaginn fyrsta. Sjá nánar frásögn innar í blaðinu.

Skátakveðja,  
Björn Hilmarsson,  
ritstjóri.



**Útgefandi:**  
Skátafélagið Vífill  
Hraunhólum 12.

**Ábyrgðarmaður:**  
Þór Ingólfsson

**Ritstjórn:**  
Björn Hilmarsson  
Helgi Grímsson  
Ásta Bjarney Elfasdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
og  
skátaflokkar félagsins

**Myndir:**  
Myndir koma úr myndasafni Vífils

# Sumardagurinn fyrsti, 23. apríl

## Stórhátíð við Hofstaðaskóla, tertur og þrautabraut!

### Afmælisdagur Vífils

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins Vífils í Garðabæ.

Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og hafa hátíðarhöldin verði með svipuðu sniði milli ára.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins og er þetta sá þrítugasti og fyrsti.

### Skátamessa í Vídalínskirkju

Dagurinn hefst með fánaathöfn við **Vídalínskirkju** laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf. Um leið og skátar í Garðabæ þakka 30 ára samstarf við séra Braga Friðriksson, býður félagið velkominn til samstarfs nýjan sóknarprest, séra Hans Markús Hafsteinsson, og sérstaklega finnst okkur ánægjulegt að hann er skáti frá gamalli tíð.

### Skrúðganga að Hofstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14. Eins og áður verður gengið frá Vídalínskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um



fánaþing í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngutaktinn og hressan undirleik.

### Dagskrá við Hofstaðaskóla

Við Hofstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautbraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

### Skátakaffi og afmælisökur

Hofstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga *skátatertuhlaðborð* Vífils verður eins og áður. Kaffisalan verður í samkomusal skólans.

### Allir Garðbæingar velkomnir, eldri skátar fjölmennið!

Við hvetjum alla Garðbæinga að koma í skátakaffið með fjölskyldur sínar.

Einnig má minna á að sumardagurinn fyrsti er góður vettvangur til að hitta góðu gömlu skátafélagan sem nú koma með fjölskyldur sínar í skátakaffið.

Hvernig væri nú að gömlu flokkarnir og sveitimar fjölmenntu og rifjuðu upp góðu gömlu dagana ...

### Garðbæingar sjáumst! Sumardagsnefnd.



# VERÐ ÚT Í MÓA!



ALM 1120-100 000-0

**Fermingar-  
tilboð á  
útvistar-  
vörum!**

	Verð kr.	Fermingartilboð, stafræði.
<b>Bakpokar</b>		
Karrimor Discovery 55	10.990	<b>9.891</b>
Karrimor Panther 65	12.990	<b>11.691</b>
Karrimor Lynx 65	7.950	<b>7.155</b>

<b>Svefnpokar</b>		
Kodlak Sund -10°	6.660	<b>5.994</b>
Ajungilak Narvik -8°	7.390	<b>6.651</b>
Ajungilak Igloo -18°	12.765	<b>10.850</b>

<b>Tjöld</b>		
Lichfield Newt 150, 2ja manna	10.950	<b>9.855</b>
Lichfield Ribble 180, 3ja manna	14.800	<b>13.320</b>

<b>Snjóbretta- /skíðapakki</b>		
Rossignol snjóbrettapakkar, brett, bindingar og skór		<b>29.900</b>
Rossignol svigskiði, skór, bindingar og stafir - verð frá	21.110	<b>16.888</b>

<b>Gönguskór</b>		
Scarpa Jura leðurgönguskór	12.350	<b>11.115</b>
Scarpa Main nylon-irúskinnsgönguskór	5.990	<b>5.391</b>

<b>Flíspeysur</b>		
Cintamani, íslensk flíspeysa frá Fokbu	7.990	<b>7.191</b>

Vandaður búnaður sem gengur alltaf  
– alls staðar!



Snorrabraut 60 . 105 Reykjavík  
Sími 511 2030 . Fax 511 2031  
www.itn.is/skatabudin  
Fast einnig í helstu  
sportvöruslunum um land allt

**SPORTHÚS**  
REYKJAVÍKUR



# Komdu í klúbbinn

ertu á aldrinum 12-17 ára? ef svo er áttu kost á að ganga í UK-17, unglingsklúbb Íslandsbanka. Á tímabilinu 24. mars til 1. maí bjóðum við ókeypis myndatöku í vasakort. komdu í útibúið til okkar og við visum þér á ókeypis myndatöku hjá Framköllun garðabæjar.

við bjóðum fermingarbörn sem fengið hafa kort frá okkur sérstaklega velkomin.

kveðja,  
starfsfólk Íslandsbanka,  
garðatorgi 7



WETA WÉTU / 21A



## Góð íþrótt er gulli betri Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur. Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.  
Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

# Jafningjafræðsla í skátastarfi

## Hugleiðingar frá félagsforingja



Hafi lyngið ekki borið blóm að vori er tilgangslaust að leita berja á því að hausti.

Það sama á við um æskulýðinn. Ef skila á þjóðfélaginu fram á veg verður að tryggja að æskan nái að blómstra og þroskast. Allar rannsóknir benda eindregið til þess að þátttaka barna í skipulögðu félags-, tómsunda- og íþróttastarfi skipti sköpum gegn mannskemmandi áhrifum götulífs. Það er því hagur Garðabæjar að hér fái dafnað fjölbreytt æskulýðs- og tómsundastarf. Einstaklingar eru mismunandi, það sem hentar einum hugnast ekki öðrum. Sumum henta kappleikir, öðrum listiðkun eða hugrækt og enn öðrum skátastarf.

### Áhrifavald jafningahópsins

Frá átta til tólf ára aldurs tengjast börn í vaxandi mæli hópum barna á sama aldri og þroskastigi. Þessir félags- og

jafningjahópar gegna lykilhlutverki í félagslegri aðlögun barna. Sérstaklega getur áhrifavald jafningjahópsins orðið áhrifmikið þegar kemur fram á unglingsárin. Kennarar eru til dæmis vel meðvitaðir um hópamyndunina og geta bent á leiðtoga sem af meðfæddum hæfileikum rísa upp úr jafningjahópnum.

### Jafningjafræðsla virkar

Hugmyndir um jafningjaleiðtoga höfðu sterk áhrif í Bretlandi snemma á 19. öldinni. Stofnandi skátahreyfingarinnar grundvallaði starf skátaflokkanna á grunni jafningjafræðslu. Nútíma rannsóknir sýna fram á að það sé félagslega og vitsmunalega til góðs að nýta börn og unglinga sem fyrirmyndir og fræðara.

Í jafningjafræðslu fá börn og unglingar tækifæri til að vera ábyrgir fyrir sjálfum sér og öðrum með því að taka virkan þátt í starfinu. Þau styrkja hvert annað í verkefnum sínum og axla saman ábyrgð á starfinu – þannig efla þau best lífsleikni sína.

### Börn að stjórna börnum

Grundvöllur skátastarfs er útilíf og úrlausn fjölbreyttra verkefna í hópi jafningja. Í augum margra lítur það út

sem svo að börn séu að stjórna börnum – og svo sannarlega er það rétt! Það er eitt af markmiðum skátastarfs að barna og unglingshópar starfi saman að krefjandi verkefnum og þau séu þjálfuð í stjórnun. Forystuhlutverk í hverjum skátahópi ber svokallaður flokksforingi, líkt og hópstjórar í hópi bekkjarfélaga. Flokksforingjar starfa hins vegar undir beinni stjórn sveitaforingja – þjálfara og kennara hópsins, sem hefur hlotið tilskilda þjálfun og menntun hjá Bandalagi Íslenskra skáta. Skátastarf er fyrst og síðast æskulýðsstarf – æskulýðsstarf sem byggir á manngildishugsjón stofnanda hennar, Baden Powell – æskulýðsstarf sem eykur blómskrúð bæjarins.

*Helgi Grímsson, félagsforingi*



## Stjórn Vífils skipa nú

### Félagsforingi

Helgi Grímsson

### Aðst. félagsforingi

Ingibjörg Guðmundsdóttir

### Ritari

Holger Torp

### Gjaldkeri

Þór Ingólfsson

### Meðstjórnendur

Hrafnhildur Odda Sturludóttir

Hulda Rósa Þórarinsdóttir

Ólafur H. Gíslason



# Hvað er Vífill að gera allt árið ?

## Sagt frá starfsári hjá skátum í Garðabæ

Síðasta sumar fóru skátar úr félaginu til Þýskalands og Sviss. Farið var á skátamót í Suður-Þýskalandi. Þar fengu Víflar smjörþefinn af erlendum skátamótum. Dagskrá mótsins var dálítið sérkennileg en við gerðum gott úr öllu og fundum síthvað til dundurs. Dag einn á mótinu fórum við ásamt þýskum skátaflokki í gönguferð sem endaði í Lichtenstein kastalanum. Þar var sofið undir einföldu segli undir berum himni. Leið okkar lá svo til svissnesku Alpna þar sem við dvöldum viku í Kandersteg sem er alþjóðleg skátamiðstöð. Margt var brallað þar. Fjallgöngur, klifur, sigling á jökulá, fallhlífastökk, sund í fjallavatni og auk þess að hafa samskipti við erlenda skáta á kvöldvökum og í leik. Þessi ferð heppnaðist frábærlega og hleypti miklu lífi í mannskapinn.

### Blómlegt starf að hausti

Í vetur hefur verið blómlegt starf í Skátafélaginu Vífli. Þar starfa nú um 110 skátar í 4 skátasveitum. Fyrir utan daglegt starf hjá sveitunum hefur félagið staðið fyrir ýmsum uppákomum.

Starfsárið hófst í september með skráningu skátanna í félagið. Öllum sem áhuga höfðu á að hefja starf í félaginu var boðið til grillveislu og

kvöldskemmtunar í skátaheimilinu. Í nóvember var svo farið í félagsútilegu upp í Vindáshlíð í Kjós. Við höfum ekki áður farið í Vindáshlíðina en sá skáli hentaði mjög vel til skátastarfs. Farið var í gönguferðir og útilífið stundað af kappi.

### Svo koma blessuð jólin

Jólafundur félagsins var haldinn í Garðakirkju. Þangað fjölmenntu skátar með foreldrum sínum. Við sungum skátasöngva og okkur tókst að vekja mikla hátíðarstemningu þrátt fyrir leiðindaveður utandyra. Glæsileg þrettándabrenna var haldin í Heimörmörk við nýja Vífilsbúð. Félagar úr Hjálparsevit skáta Garðabæ sprengdu flugelda og voru jólin kvödd með söng og gleði.

### Félagsútilegan

Seinni félagsútilega Vífils var haldin 20.-22. febrúar. Farið var á Úlfhljósvatn. Þar fengu skátarnir að blómstra og var mikil áhersla lögð á að einstaklingarnir fengju að njóta sín. Farið var með alla skátana í gönguferð á föstudagkvöldið þar sem margir horfðu á norðurljósin dansa á himninum í fyrsta skipti á ævi sinni. Á sunnudeginum 22. febrúar fagna allir skátar í heiminum fæðingadegi Baden Powell og erum við ekkert



öðruvísi. Þann dag vígðu skátarnir úr Vífli nýjan útileguskála félagsins, sem lesa má um annars staðar í blaðinu.

### Fermingarblað og skeyti

Apríl er annasamur mánuður. Skátafélagið gefur út fermingarblað Vífils og kjölfar þess fylgir skeytasala. Skátar úr Garðabæ sjá um skemmtidagskrá sumardagsins fyrsta og bjóða þar íbúum Garðabæjar til afmælisveislu félagsins.

### Nóg af skátamótum í sumar

Í sumar er stefnan tekin á skátamót sem verða fjölmörg t.d. ylfingamót í júní.

Skátafélagið stendur svo í stórræðum í júlí þegar blásið verður til Íslandsmóts í skátaþróttum hér í bæ. Allt um þetta nýstárlega skátamót er hægt að lesa á blaðsíðu 16 í blaðinu.

Í ágúst er stefnan tekin á að fara með alla skáta í félaginu eldri en þrettán ára í gönguferð frá Landmannalaugum til Þórsmerkur. Sú ferð verður endapunktur þessa starfsárs.

Eftir þessa upptalningu sjá vonandi allir að nóg er að gera hjá Vífli allt árið.

*Ingibjörg Guðmundsdóttir,  
aðstoðarfélagstinging.*



# stelpur sem falla fyrir strákum sem keyra of hratt.

Þegar þú keyrir of hratt

ertu ekki bara að stofna lífi þínu í hættu

heldur líka vina þinna og saklausra vegfarenda.



lifðu lifinu - aktu hægar

# Garðbæingar!

## Gróðrastöðin Bjarkarlundur

búður ykkur velkomin



**Sumarblóm**

**Tré**

**Runnar**

**Maxicrop<sup>®</sup>  
Hraustari  
plöntur**

Hörgatúni 25 Sími 565-8722  
Ný aðkeyrsla frá Bæjarbraut!



**Þryggðu þér  
góðar stundir**

*Þú átt það skilið*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Háskólabíó við Hagatorg, sími 562 2255  
Skrifstofa hljómveitarinnar er opin alla virka daga kl. 9 - 17.  
Nánari upplýsingar á símfónivefnum: [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

www.sinfonia.is

# Festina lente ílyr veitingastaður

Garðbæingar, lítið inn  
í glæsilegan veitingastað  
og prófið fjölbreytt úrval  
af gómsættum réttum.



Verið velkomin

**Festina lente**

við Garðatorg s: 565 8919



## Fermingarskreytingar

Fermingarkerti og servíettur

Páskaskreytingar

Skreytingar við öll tækifæri

Hjá okkur starfar fagfólk!

**Garðablóm Garðatorgi**

S:5656722

Opið til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.

# Fermingin þín

Séra Hans Markús Hafsteinsson skrifar



Kæra fermingarbarn.

Þegar þú ákvaðst að ganga til fermingarfræðslunnar með það að markmiði að fermast,

varst þú að taka eitt mesta gæfuspor þitt í lífinu.

Þegar þú heyrir þessa ljúfu spurningu hljóma: „Hvort þú viljir gera Jesúm Kristi að leiðtoga lífs þíns“ og þú svarar með þessu litla orði „Já“, má segja að þú hafir gengið inn í útbreiddan fadmi frelsarans okkar og hann umvefur þig umhyggju sinni og kærleika.

Í skírinni varst þú kærta fermingarbarn, helgað, Jesú Kristi með tákni krossins á enni þitt og brjóst. Það þýðir að þú tilheyrir honum.

Skírnin er heilög athöfn þar sem Guð miðlar af náð sinni og starfar í sínum heilaga krafti.

Foreldrar þínir sýndu þér þann kærleika og elsku að færa þig til skírnar og tóku þar með á sig þá ábyrgð sem því fylgir.

Ábyrgðin fólst í því að ala þig upp í ljósi fyrirheita skírnarinnar. Kenna þér að elska Guð, tilbiðja hann, varðveita orð hans og sakramenti og þjóna náunganum í kærleika.

Í fermingunni staðfestir þú, að þessi ákvörðun foreldra þinna að færa þig til skírnar og leggja þannig fram þá beiðni til Guðs að nafn þitt yrði skráð í lífsins bók, var rétt.

Hér mætti minnast á það að orðið, ferming, er komið af latneska orðinu „conformatio“, sem útleiggst staðfesting, í ensku „to confirm“ (að staðfesta) og því er hin eðlilega

framsetning þessa orðs sú, að hér er um staðfestingu skírnarinnar að ræða og þess vegna er önnur notkun orðsins „ferming“, eiginlega út í hött.

Nú er það svo því miður, að margir fjarlægjast kirkjuna sína, eftir ferminguna og koma jafnvel ekki aftur fyrr en þau koma með sín eigin börn til kirkjulegra athafna svo sem skírnarinnar. Það er sannfæring mín að þetta þarf ekki að vera svona.

Að sönnu hefur kirkjan verið gagnrýnd fyrir sína hefðbundnu framsetningu helgihaldsins og sumum hefur þótt nauðsynlegt að lifga svolítið upp á hlutina. En þarna er um ákveðið vandamál að ræða. Ef fólk fer frá kirkjunni, án þess að tjá vilja sinn um hvernig það vilji hafa hlutina, þá er erfitt að að fara að breyta einhverju. Höfum samt hugfast að helgihaldið má ekki verða ein afþreyingin í viðbót. Þá myndi það missa gildi sitt og tilgang.

Verum dugleg að koma í guðsþjónustur og annað það starf sem kirkjan er með á sínum vegum og látum heyrast í okkur, tjáum skoðanir okkar. Höfum það hugfast að kristin kirkja erum við

sjálf, við öll, sem höfum fylkt okkur undir merki krossins, ekki bara prestarnir eða annað það starfsfólk sem í kirkjunni er.

Við ykkur kærta fermingarbörn vil ég segja að lokum: Takið við Jesú Kristi inn í líf ykkar af fúsum og frjálsum vilja. Ræktið trúna ykkar og þið munuð finna hve mikill styrkur er að því að vita það, að hvað sem kemur fyrir í lífi ykkar, þá eruð þið aldrei ein í ólgusjóum lífsins.

Munum söguna um björgunarhringinn, sem við ræddum í fermingarstarfinu, sem kastað er til okkar þegar og ef við dettum útbyrðis, okkur til bjargar. Við munum að frumkvæðið er okkar. Við verðum að rétta sjálf út hendina og grípa í hringinn, okkur til bjargar. Í þessu felst einmitt það sem kalla má „ábyrgð hins kristna manns“, að taka afstöðu til náðar Guðs af eigin frumkvæði, okkur sjálfum og náunga okkar til blessunar og góðum Guði til dýrðar.

Hans Markús Hafsteinsson,  
Sóknarprestur Garðaprestakalls,  
Kjalarnesprófastsdæmi.



# Myndir úr starfi Vífils




# Skátaskeytin eru falleg sending




1. Bessastaðagluggi




2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótuvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Mappa utan um skeytin  
Öll skeyti eru send út í svona möppu

Þetta eru þær skátaskeytatægingdir sem eru í boði.

Munið að einnig er hægt að panta skrautrituð skeyti.

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 í Garðabæ. Athugið að móttaka skeytapantana er opin milli klukkan 10 og 17. Ef pantað er símleiðis, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er: Vélrituð skeyti kr. 450. Skrautrituð skeyti kr. 800.

***Pantið skátaskeytin í sínum  
565-8989 og 565-8820.***

*Einnig er hægt að koma í  
Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.*

# Fermingar í Garða- og Vídalínskirkju 1998

## Vídalínskirkja 29. mars kl. 10:30

Stúlkur		
101	Anna Sif Hjaltsted	Nónhæð 3.
102	Ásrún Karlsdóttir	Hvannalundi 9.
103	Bryndís Jónatansdóttir	Krókamýri 42.
104	Dóra Gígja Þórhallsdóttir	Lindarflöt 47.
105	Edda Björk Pétursdóttir	Hrísmóum 4.
106	Halldóra Þorsteinsdóttir	Ásbúð 67.
107	Helga María Hafþórsdóttir	Melási 11.
108	Hildur Björg Vilhjálmsdóttir	Goðatúni 14.
109	Hildur Sigrún Valsdóttir	Eskiholti 2.
110	Íris Dögg Guðjónsdóttir	Holtsbúð 77.
111	Íris Rún Þórðardóttir	Brekkubyggð 46.
112	Íris Svavarsdóttir	Ásbúð 55.
113	Kristín Erla Þórisdóttir	Marargrund 10.
114	Lára Björg Einarisdóttir	Garðaflöt 23.
115	Lilja Dögg Óladóttir	Löngumýri 35.
116	Ólína Einarisdóttir	Marargrund 14.
117	Sigrún Helga Pétursdóttir	Bæjargili 23.
118	Thelma Kristín Kvaran	Hörpulundi 3.
119	Unnur María Birgisdóttir	Engimýri 11.

### Drengir

120	Daníel Páll Jóhannsson	Bakkaflet 8.
121	Davíð Guðmundsson	Nónhæð 3.
122	Eyjólfur Karl Eyjólfsson	Blíknesi 21.
123	Kjartan Dór Kjartansson	Lindarflöt 16.
124	Magnús Sigurðsson	Birkihæð 7.
125	Ólafur Freyr Ólafsson	Tjaldanesi 17.
126	Víktor Ragnarsson	Ásbúð 63.

## Vídalínskirkja 29. mars kl. 14:00

### Stúlkur

131	Frída Bogadóttir	Mávanesi 13.
132	Gyða Steinarsdóttir	Lækjarfit 7.
133	Kolbrún Amanda Hasan	Fífumýri 1.
134	Kristín Theodóra Guðmundsdóttir	Lyngmóum 2.
135	Natalie Tess Aðalsteinsdóttir	Eskiholti 17.
136	Unnur María Birgisdóttir	Engimýri 11.

### Drengir

137	Árni Tómas Árnason	Gígjulundi 1.
138	Búi Hrafn Búason	Ásbúð 94.
139	Daníel Rúnarsson	Melhæð 4.
140	Gunnar Orri Árnason	Laufási 1.
141	Ólafur Þór Pétursson	Háhæð 6.
142	Steinar Björnsson	Löngufit 16.
143	Yngvi Eiríksson	Scilugranda 5. R.

## Vídalínskirkja 5. apríl kl. 10:30

### Stúlkur

200	Drífa Lind Harðardóttir	Lyngmóum 7.
201	Erna Kristín Blöndal	Ásbúð 87.
202	Guðrún Halla Finnsdóttir	Ásbúð 27.
203	Linda Ösp Heimisdóttir	Löngumýri 1.
204	María Hrönn Björgvinsdóttir	Háhæð 17.
205	María Kristbjörg Árnadóttir	Dalsbyggð 2.
206	Olga Huld Pétursdóttir	Holtsbúð 56.
207	Þaríður Sverrisdóttir	Bæjargili 27.

### Drengir

208	Agnar Þór Jósefsson	Hagaflöt 5.
209	Andri Gunnarsson	Krókamýri 26.
210	Andri Þór Sturluson	Móuflöt 9.
211	Árni Snær Kristjánsson	Löngumýri 41.
212	Ásgeir Daði Rúnarsson	Marargrund 4.
213	Birkir Heide Reynisson	Nónhæð 1.
214	Egill Kristbjörnsson	Ásgarði 2.
215	Eyþór Rúnar Eiríksson	Ásbúð 12.
216	Gísli Þór Þorsteinsson	Lyngmóum 6.
217	Guðmundur Sveinsson	Lyngási 4.
218	Guðmundur Orri Sievarsson	Löngumýri 24.
219	Hans Kragh Pálsson	Brekkubyggð 14.
220	Hlynur Andri Arnórsson	Brekkubyggð 19.
221	Jóhannes Einarsson	Sunnuflet 20.
222	Jóhannes Georgsson	Blómahæð 12.
223	Jón Kjartan Ágústsson	Kjarrmóum 24.
224	Kristján Anton Jónsson	Óttuhæð 4.
225	Michael Steinn Kristófersson	Löngufit 36.
226	Pétur Elvar Birgisson	Kjarrmóum 33.
227	Pétur Rúnar Heimisson	Lyngmóum 4.
228	Reynir Örn Gunnarsson	Kríunesi 10.
229	Sigurþór Ingi Sigurðsson	Asparlundi 11.

**Pantið**  
**skátaskeytin**  
**í sínum**  
**565-8989**  
**& 565-8820**

Prestar eru séra Hans Markús Hafsteinsson og séra Bjarni Þór Bjarnason.

### Vidalínskirkja 5. apríl kl. 14:00

Stúlkur	
231	Erla Tinna Stefánsdóttir, Bæjargili 44.
232	Erna Heiðrún Jónsdóttir, Krókamýri 20.
233	Guðrún Helga Tryggvadóttir, Súlunesi 10.
234	Gunnhildur Hlín Snorraddóttir, Brekkubyggð 54.
235	Harpa Kristín Þóroddsdóttir, Bæjargili 80.
236	Helga Marín Gestsdóttir, Fífumýri 11.
237	Hildur Eik Ævarsdóttir, Ásbúð 43.
238	Lilja Sigurgeirsdóttir, Engimýri 1.
239	Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, Laufási 5.
240	Sóley Þórisdóttir, Hrísmóum 3.
241	Steina Dröfn Snorraddóttir, Lyngmóum 3.
242	Svava Halldórsdóttir, Háholti 8.
243	Svava Anne Pálsdóttir, Nónhæð 4.
244	Svava Óskarsdóttir, Hellu v/Marargrund.
245	Tinna Karen Árnadóttir, Hvannalundi 15.
246	Ragnheiður Ragnarsdóttir, Löngumýri 5.

Drengir	
247	Andreas Boysen, Kríunesi 12.
248	Árni Þór Höskuldsson, Hrísmóum 4.
249	Birkir Guðlaugsson, Hörgslundi 1.
250	Einir Guðlaugsson, Hörgslundi 1.
251	Jóhannes Einarsson, Sunnaflöt 20.
252	Jökull Jóhannsson, Urðarstíg 13, R.
253	Kristinn Sigfússon, Vífilst. hús 1.

### Garðbæingar sem fermast í Bessastaðakirkju 9. apríl

Stúlkur	
260	Rakel María Róbertsdóttir, Asparlundi 10.
261	Ástrós Guðmundsdóttir, Sjávargrund 13b.

Drengir	
262	Davíð Örn Sigurðsson, Nónhæð 2.
263	Ógmundur Ólafsson, Bæjargili 126.

Athugið að þegar þessi fermingarborn úr Garðabæ verða fermð í Bessastaðakirkju, þann 9. apríl, eru **ekki** fermingar í Garðabæ.

**Pantanir til þeirra þurfa því að berast 5. apríl!**

### Garðakirkja 13. apríl kl. 10:30

Stúlkur	
301	Alma Guðmundsdóttir, Holtsbúð 89.
302	Elin Helga Egilsdóttir, Ásbúð 85.
303	Elísabet Ómarsdóttir, Ægisgrund 17.
304	Gunnur Ýr Gunnarsdóttir, Ásbúð 75.
305	Helga Bestla Baldursdóttir, Dalsbyggð 8.
306	Hildur Tryggvadóttir, Lækjarási 4.
307	Huld Hafsteinsdóttir, Melhæð 1.
308	Hulda Þorbjörnsdóttir, Faxatúni 20.
309	Kristín Þórsdóttir, Hrísmóum 6.
310	Ragnheiður Gröndal, Brekkubyggð 34.
311	Valgerður María Friðriksdóttir, Viðilundi 5.

Drengir	
312	Andri Antonsson, Marargrund 16.
313	Amar Helgi Hlynsson, Lyngmóum 4.
314	Geir Gunnarsson, Birkihæð 3.
315	Haukur Þór Finnbogason, Bæjargili 25.
316	Hákon Óttar Hjörvarsson, Sjávargrund 8b.
317	Vilhjálmur Styrmir Símonarson, Hörgslundi 6.

### Garðakirkja 13. apríl kl. 14:00

Stúlkur	
320	Agatha Sif Guðmundsdóttir, Aratúni 26.
321	Anna Björk Kristjánsdóttir, Holtsbúð 7.
322	Ásgerður Fanney Bjarnadóttir, Ásbúð 46.
323	Eygló Ýr Egilsdóttir, Nónhæð 1.
324	Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir, Hlíðarbyggð 33.
325	Hjördís Arnardóttir, Hegranesi 27.
326	Íris Dögg Sigurðardóttir, Krókamýri 50.
327	Rakel Ýr Sigurðardóttir, Krókamýri 50.
328	Rut Gunnarsdóttir, Bæjargili 129.
329	Tinna Traustadóttir, Skógarlundi 7.

Drengir	
330	Júlíus Ágúst Jakobsson, Hlíðsnesi, Bs.hr.

*Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.*

*Athugið að afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 10 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytum út eins fljótt og auðið er.*

*Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vidalínskirkju.*

# Skátasveitin Forynjur

## Hressar og duglegar stelpur

Undanfarna vetur hefur skátasveitin Forynjur vaxið og dafnað og nú eru starfandi í henni um þrjátíu skátar í fjórum flokkum. Margt hefur verið á dagskránni hjá sveitinni í vetur og ber hæst tvær sveitarútilegur, önnur sem farin var í Lækjarbotna og hin í nýja skálann okkar Vífilsbúð.

### Útilegan í Vífilsbúð

Seinni útilegan var farin helgina 13.-15. mars. Lagt var af stað á föstudags-eftermiddagi og keyrði Hjálparsveit skáta í Garðabæ skátana upp í Heiðmörk. Til að byrja með komu sér allir fyrir og svo var útilegan sett við hátíðlega athöfn. Þema útilegunnar var vinátta og fékk hver skáti lítinn stein sem átti að tákna skátavin þeirra. Eldsnemma á laugardagsmorgun eftir að allir höfðu búið sig lögðu flokkarnir af stað í gönguferðir. Hver flokkur fékk sína leið, miskrefjandi eftir reynslu og getu. Að sjálfsögðu byrjaði

að rigna um leið og lagt var af stað og komu allir eins og hundar af sundi til baka. Það var því notalegt að komast inn í hlýjuna og fá sér heitan sopann. Eftir örliða hvíld var komið að hápunkti ferðarinnar: Kökuskreytingarkeppni. Hún tókst með ágætum enda hugmyndaríkir skátar þar á ferð. Eftir að dómnefndin hafði gert upp hug sinn var afraksturinn etinn.

Þegar dimma tók af degi og ró færðist yfir mannskapinn var haldin kvöldvaka að skátasið. Að henni lokinni skipulögðu eldri stelpurnar næturleik fyrir þær yngri. Þær áttuðu sig ekki á því að þær áttu eftir að vera leiknar sama leiknum, en enn eldri skátar voru mættir og biðu færís á að hrella þær er þær í sakleysi sínu fóru út í næturgöngu.

Sunnudagurinn fór í það að ganga vel frá skálanum og pakka niður. Hjálparsveitarbillinn kom og sótti yngri skátana en þær eldri gengu í bæinn.



### Ekki bara útilegur

Auk þessara útilega hafa flokkarnir brallað ýmislegt.

Til að mynda fór flokkurinn Vampírur í dagsferð í Álftanesfjöru og leystu þar ýmsar þrautir sem tengjast verkefnum sem þær hafa verið að vinna að yfir veturinn. Flokkurinn Vættir héldu skátafund á skautum og skemmtu sér konunglega. Þessi vetur hefur verið viðburðaríkur og skemmtilegur og vonumst við til að starfið haldi áfram að vera öflugt.

*F.h. Forynja.*

*Anna Kristín og Hulda Rósa.*

## Íslandsmót í Garðabæ næsta sumar

### Vífill sér um skemmtilegt mót



Skátafélagið Vífill hyggst halda Íslandsmót í skátaþróttum fyrstu helgina í júlí í Garðabæ og Heiðmörk. Vonast er til að all flest skátafélög sendi skátaflokk á mótinu og því ættu þátttakendur á mótinu að vera á bilinu 200-300.

### Fullur bær af skátum

Látið ykkur því ekki bregða ef Garðabærinn fyllist af skátum dagana 4. og 5. júlí og við hvetjum ykkur eindregið til þess að koma og fylgjast með keppni skátanna.

Audvitað vonumst við til að eiga

einhverja sigurvegara úr Garðabænum og ekki væri úr vegi að hvetja okkar lið.

### Í hverju er nú ekki keppt

Keppnisgreinar á Íslandsmóti í skátaþróttum eru: Hellakönnun, bálkastagerð, tjöldun, líflínukasti, súrtingum, flokkssöngvum og hrópum. Einnig verður keppt í klettaklifri, hæðarmælingum, fuglagreiningu og boðþraut þar sem verður siglt, hlaupið og hjólað.

Væntanlegum áhorfendum og keppendum skal bent á að mótsvæðið er reyklaust og með þessu skátamóti viljum við í Vífli virkja skátana í heilbrigðu og skemmtilegu útlífi og taka þar með þátt í virku forvarnastarfi gegn fíkniefnum.

Er stórveisla eða mannfagnður framundan? - Leitadu þá til okkar:

# Sendum mat í fyrirtæki

STÓRVEISLUR - AFMÆLI - ÆTTARMÓT

FERMINGAR - PARTÝBOÐ o.fl.

- |                          |                    |                   |
|--------------------------|--------------------|-------------------|
| ✓ Málsverðir í fyrirtæki | ✓ Smáréttablaðborð | ✓ Kaffiblaðborð   |
| ✓ Heitur matur           | ✓ Kaffisnuttur     | ✓ Kransakökur     |
| ✓ Köld borð              | ✓ Pinnamatur       | ✓ Marsipantertur  |
| ✓ Kabarett               | ✓ Kokteilsnuttur   | ✓ Tækifæristertur |
| ✓ Pottréttir             | ✓ Brauðtertur      | ✓ Rjómatertur     |



Höfum sali fyrir 50-400 manns í sæti.

**VEISLUELDHÚSIÐ  
OG BORBÚNAÐARLEIGAN**

ÁLFHEIMUM 74 - 108 REYKJAVÍK



Upplýsingar og pantanir í síma 588 7400 og 568 5660 á milli kl. 13 og 16 virka daga

# BÓNUSVIDEÓ

**KYNNIR  
VIDEÓ- &  
PIZZUTILBOÐ**



Pantaðu 16" pizzu  
veldu spólu á meðan  
pizzan bakast og fáðu  
fría 2L Coke með þér heim.



2 spólar  
á kr. 400  
(ein ný + eldri)

Opnunartími yfir páska:  
Skírdagur: Opíð 12-23:30  
Föstudagurinn langi: Lokað  
Laugardagur: Opíð 12-23:30  
Páskadagur: Lokað  
Annar í páskum: Opíð 12-23:30

**SMÍÐSBÚÐ 9**

Vídeóleiga s. 565 8633

Pizzur s. 565 9440



# Endurbygging Vífilsbúðar

Glæsilegur útileguskáli vígður 22. febrúar

## Vífilsbúð endurbyggð

21. janúar árið 1997 var hringt í slökkvilið Hafnarfjarðar og tilkynnt að skátaskáli Vífils í Heiðmörk stæði í ljósum logum. Í skálanum voru skátar úr skátafélaginu Segli í Breiðholti. Fararstjóri var Þórhallur Helgason og tókst honum með harðfyllni og snarræði að koma öllum skátunum út úr skíðlogandi skálanum. Þegar slökkviliðið kom á vettvang var ljóst að ekkert yrði við ráðið og brann Vífilsbúð til kaldra kola með öllum útbúnaði skátanna.

## Fyrstu viðbrögð

Þá var haft samband við félagsforingja Vífils sem hélt þegar af stað og mætti hópnum við Vífilsstaði. Þar sem að Þórhallur hafði brennst á hendi við björgunarraunir sínar varð það úr að félagsforingi tók allan hópinn yfir í sinn bíl, en Þórhallur ók niður á slysavarðstofu. Hópnum var ekið upp í skátaheimili Seguls.

Á leiðinni var lagt kapp á að róa hópinn og slá á léttu strengi enda var skátunum mjög brugðið eftir brunann. Það tókst að léttu lundina og heyra mátti hópinn skella upp úr þegar sungið var skátalagið *Kveikjum eld*. Í skátaheimili Seguls var var byrjað á því að hringja í félagsforingja Seguls og síðan heim til allra foreldra og þeim greint frá því sem hafði gerst. Foreldrar sýndu mikinn skilning og tóku mjög yfirvegað á öllum málum.



## Skátalíf er útilíf

Nú var skátafélagið Vífill án útilífs-miðstöðvar. Við svo búð mátti ekki una því að skátalíf er útilíf. Strax var ráðist í að afla leyfa frá landeigendum og skipulagsyfyrvöldum til þess að endurreisa Vífilsbúð. Það var svo 7. mars sem okkur barst leyfi frá landeigendum, Styrtar- og líknarsjóði Oddfellowa. Ýmsar hugmyndir voru á lofti um nýjan skála. Fyrstu hugmyndir gengu út á að reisa nýjan skála frá grunni en síðan var ákveðið að kaupa nær fullgert sumarhús.

## Fær Vífilsbúð flugleyfi?

Í byrjun maí var síðan skálinn fluttur á bílastæðið fyrir utan skátaheimilið í Hraunhólum 12, þar sem að frágangur skálans skyldi hafinn. Það fór nú svo að minna varð úr verki þá um sumarið og er nær sanni að kalla þetta sumar-

dvalarstað. Nokkrar snjallar hugmyndir komu upp þegar hugleitt var hvornig ætti að koma svona stóru húsi á sinn stað. Hugleitt var að fá þyrlu af NATO æfingu til að fljúga með skálann, en ekki reyndist það hægt þar sem að þyrlunar lyftu ekki meira en 12 tonnum. Það var því augljóst að skálann þyrfti að flytja á bíl. Rætt var um að það þyrfti að biðja Álversfólk í Straumsvík um að slökkva á kerjunum og lyfta upp háspennulínunum á meðan við kæmum skálanum upp eftir en það reyndust óþarfa vangaveltur.

## 17 tonna slagkraftur

Eftir að Ólafur Jónsson hafði fengið þá snjöllu hugmynd að reka niður undirstöður skálans eins og hverja aðra girðingarstaura – reyndar með 17 tonna slagkrafti var honum og hans vaska liði ekkert að vanbúnaði. Vegur var lagður að skálanum, mælt fyrir undirstöðum, þær reknar niður og skálanum slakað á sinn stað í október 1997. Á næstu vikum var smíðaður pallur og gólfefni og frágangslistar lagðir í skálann. Veggjum var breytt, smíðaðar kojur, hillur, stigi og handrið. Gengið var frá þaki, þakrennum og niðurföllum, hurðar lagfærðar og þéttar.

*framhald á næstu síðu...*





### Vígsla Vífilsbúðar

Skálinn var vígður 22. febrúar 1998 á fæðingardegi stofnanda skátahreyfingarinnar, Badens Powell. Tæplega 100 skátar, sem komu beint úr félagsútilegunni og aðrir gestir voru viðstaddir vígsluna.

Skálann blessaði séra Hans Markús Hafsteinsson og ávarp fluttu meðal annars Ágúst Þorsteinsson fyrsti félagsforingi Vífils og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri.

Margir gáfu félaginu og skálanum gjafir í tilefni dagsins, t.d. gaf Hjálpar-sveitin slökkvitæki og kunnum við öllum bestu þakkir fyrir.

### Framtíðin

Frágangi skálans verður haldið áfram á næstu mánuðum. Munar þó um mest þegar Rafveita Hafnarfjarðar leggur rafstreng að skálanum á vordögum. Á næstu mánuðum mun skátafélagið leita eftir samstarfi við Garðabæ og Oddfellowa um að koma upp útilífs-

aðstöðu í nágrenni skálans til dæmis tjaldstæði, íþróttasvæði og heilsárs þrautabraut.

Það má ljóst vera að skátum í Garðabæ hefur á stuttum tíma tekist að endurheimta útivistarskálann sinn. Það hefði aldrei tekist ef ekki hefðu vaskar hendur unnið óeigingjarnt verk og félagið verið stutt af fjölmörgum félagasamtökum og einstaklingum í Garðabæ.

# PIZZA PIZZA

TILBOÐ DOMINO'S

Ef þú kaupir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum - sækir pizzuna, þá færðu aðra pizzu frjá.



**Domino's  
Pizza**



GRENSÁSVEGI 11 · HÖFÐABAKKA 1 · GARÐATORGI 7 · SÍMI 58-12345

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldið í tíunda sinn!

*Spennandi möguleiki fyrir hressa krakka í júní og júlí!*

## Útilífs- og ævintýra-námskeið haldin í 10. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð nfu undanfarin sumur.

### Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8-10 ára og 11-13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið. Í slíku starfi læra börnin að vinna sameiginlega að lausn verkefna og meta að verðleikum mismunandi hæfileika fólks. Námskeiðin eru byggð upp á útiveru, ferðum, þrautum og leikjum.

### Spennandi og fræðandi dagskrá

Aðsetur námskeiðanna er í skátaheimilinu Hraunhólum 12 en þaðan er á hverjum degi farið í stuttar ferðir umhverfis Garðabæ. Farið verður í hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðir. Á námskeiðinu læra þátttakendur síthvað um skyndihjálp, ferðamennsku, áttavita og náttúru landsins, svo fátt eitt sé nefnt.



### Hápunkturinn er útilegan í lokin

Hápunktur hvers námskeiðs er síðan tjaldútilega í Heiðmörk. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki. Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

### Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Í lok júlí verður haldið fjörnámskeið fyrir krakka 11-13 ára þar sem farið er í meira krefjandi verkefni og megin áhersla lögð á útilíf.

Takmarkaður fjöldi er á hvert námskeið því við leggjum metnað í að sinna öllum þátttakendum sem best.

### Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátastarf að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi og stjórnun í skátastarfi.

### Skráning á námskeiðin

Skráning á Útilífs og ævintýra-námskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í íþrótt- og leikjanámskeið Garðabæjar.

Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 565-8820.



**Nú mæta allir  
á fjörug og  
skemmtileg  
Ævintýra- og  
útilífsnámskeið  
hjá  
Vífli!**

## *Myndir úr starfi Vífils*



# Hver vill muna sinn Vífil fegurri ?

## Allir eldri skátar úr Vífli hér með boðaðir á fund ...

Nú stendur mikið til, nú er ætlunin að ná í alla fyrrum félagi í Vífli og halda hressilegan skátafund.

Nefnd er komin í málið og ljóst er að mikið er á dagskránni. Sérstakt bréf verður sent til flestra sem hafa verið í félaginu og boðað til skátafagnaðar. Ef einhver gleymist og fær ekki bréf er það vegna minnisleysis nefndar við að reyna finna öll nöfn á aðilum frá fyrri tíð.

### Hvar eru ykkar sveitir ?

Nú reynir einnig á að allir tali við alla og láti boðin ganga. Nú förum við í sveitakeppni. Strákarnir í Fömmönnum skora á strákana í Rauðskinnum, sem aftur á móti skora á stelpurnar í Forynjum.

Fyrrum sveitarforingjar, nú reynir á ykkur (sem endraner ...).



### Daginn eftir sumardaginn fyrsta!

Við ætlum að hittast á föstudeginum 24. apríl, þ.e. daginn eftir sumardaginn fyrsta.

Fundur verður settur upp úr klukkan 20. Staðurinn verður í Ölveri í Glæsi- bæ og mun Magnús Halldórsson

staðarhaldari og Rauðskinni sjá um að allir fái skátakakó og beinakex ... eða þannig.

Ef þú ert Garðbæingur en varst skáti annars staðar, þá ertu líka hjartanlega velkominn í hópinn !

*Sjáumst – Nefndin.*

**Liturinn**

*Síðumúla 15 Reykjavík*  
*Sími 553-3070*

**frigg**

*Frigg hf sápugerð*  
*Lyngási 1 Garðabæ*  
*Sími 560-3910*

**BITABÆR**


*Ásgarði Garðabæ*  
*Sími 565-8050*

**Þjónustuver**



*Síminn er*  
*560-6000*

**Landsbanki**  
**Íslands**



# ***Garðbæingar!***


***Við erum í næsta  
nágrenni***



***Kópavogi  
og Hafnarfirði  
S: 515 - 4000***

# Verðmæt fermingargjöf

sem vex með fermingarbarninu



Gjafabréf upp á inn eign á

Baldurli e. a Trompreikningi

hjá Sparisjóð Hafnarfjarðar

er góð og varanleg

fermingargjöf sem vex

á verðgildi.

Þú kemur til okkar

í Sparisjóðnum,

stofnar reikning á nafni

fermingarbarnsins og leggur

fyrsta innlegg á reikninginn.

Fermingarbarninu færir þú

síðan fallegt gjafabréf.

## Gjafabréfið

Færðu á afgreiðslustöðum

Sparisjóðs Hafnarfjarðar

Strandgötu 8-10

Reykjavíkurvegi 66

Garðatorqi 1, Garðabæ



SPARISJÓÐURINN  
SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR